

# Tónleikar

## Sinfóníuhljómsveitar áhugamanna í Seltjarnarneskirkju

sunnudaginn 11. febrúar 2018 kl. 17:00

Hljómsveitin er að þessu sinni þannig skipuð:

**Konsertmeistari:** Helga R. Óskarsdóttir

### 1. fiðla

Helga Ragnheiður  
Óskarsdóttir  
Aldís Elfarsdóttir  
Jónína Thorarensen  
Elísabet Vala Guðmundsdóttir  
Úlfhildur Ösp Indriðadóttir  
Anna von Heynitz  
Jelena Kuzminova  
Zdena Tumová

### 2. fiðla

Hildigunnur Rúnarsdóttir  
Sigríður Helga Þorsteinsdóttir  
Hólmfríður Þorvaldsdóttir  
Auðbjörg Nanna Ingvarsdóttir  
Helga Andrésdóttir  
Dagrún Hjartardóttir  
Hekla Arnardóttir  
Ester Auður Elíasdóttir  
Brynhildur Höskuldsdóttir

### Víola

Páll Ingvarsson  
Sigrún Kristbjörg Jónsdóttir  
Súsanne Ernst Friðriksdóttir

### Selló

Páll Einarsson  
Anna Jórunn Stefánsdóttir  
Sverrur Teitsson  
Svetlana Veschagina  
Guðrún Svana Hilmarsdóttir

### Kontrabassi

Kjartan Guðnason  
Jón Hörður Jónsson  
Gunnar Hrafnsson

### Flauta

Kristrún H. Björnsdóttir  
Karen Erla Karólínudóttir

### Óbó

Guðrún Másdóttir  
Sverrir Guðmundsson

### Klarinett

Kristín Þóra Pétursdóttir  
Magnús Pálsson

### Fagott

Guðrún Erlendsdóttir  
Berglind Bjarnadóttir

### Horn

Torfi Þór Gunnarsson  
Erling Róbert Eydal

### Trompet


Steinar Matthías Kristinsson  
Hringur Gretarsson  
Gunnar Kristinn Óskarsson

### Pákur

Frank Aarnink

### Slagverk

Kjartan Guðnason  
Örvar Erling Árnason  
Snorri Daníelsson



Næstu tónleikar Sinfóníuhljómsveitar áhugamanna verða sunnudaginn 11. mars 2018 í Seltjarnarneskirkju. Stjórnandi verður Oliver Kentish.

Upplýsingar um Sinfóníuhljómsveit áhugamanna, sögu hennar og starfsemi er að finna á vefsíðunni <http://www.ahugasinfonia.is/>

Hljómsveitin þakkar Reykjavíkurborg, Seltjarnarneskirkju og Sinfóníuhljómsveit Íslands ómetanlegan stuðning.



**Stjórnendur:**  
Ari Hróðmarsson og Oliver Kentish

**Einleikari:**  
Ólöf Sigursveinsdóttir



## Efnisskrá:

### Birgit Djupedal:

Átta lítil eyrnablik (frumflutningur)

*Preludium*

*Sjöstjerne*

*Pinnsvinet*

*Vepsen*

*Firfisle*

*Sommerfugl*

*Postludium*

### HLÉ

### Robert Schumann:

Sellókonsert í a-moll, op. 129

*Nicht zu schnell – Langsam – Sehr lebhaft*

### Joseph Haydn:

Sinfónía nr. 88 í G-dúr

*Adagio – Allegro*

*Largo*

*Menuetto, allegretto*

*Finale, allegro con spirito*



**Birgit Djupedal** (1994) er fædd og uppalin í Noregi. Hún stundaði nám í Þrándheimi í tónlistarfræði og kirkjutónlist. Þar lærði hún líka píanó- og orgelleik og kórstjórn, sem hún hefur starfað við. Hún er um þessar mundir að ljúka meistaranámi í tónsmíðum við Listaháskóla Íslands. Aðalleiðbeinandi hennar er Hróðmar I. Sigurbjörnsson. Hún hefur samið barnaleikrit og verk fyrir kóra og ýmsar hljómsveitir. Útsetning hennar á jólasálmunum “Kom blessuð, ljóssins hátíð” var flutt í Ríkissjónvarpinu á aðfangadag 2016.

Innblástur að verkinu “Átta lítil eyrnablik” er sóttur í sex ljóð um dýr eftir norska ljóðskáldið Inger Hagerup. Séreinkenni dýranna eins og þeim er lýst í ljóðunum vöktu áhuga Birgit. Einnig eru í verkinu inngangs- og lokakafli, Preludium og Postludium, sem þræða saman efni hinna kaflanna. Verkið er samið fyrir Sinfóníuhljómsveit áhugamanna. Þakkir fá Ari Hróðmarsson fyrir gott samstarf og Sigrún Árnadóttir fyrir ljóðapýðingarnar.



**Ari Hróðmarsson** hóf tónlistarnám sitt í Tónlistarskóla Akureyrar þar sem hann lærði á básúnu undir leiðsögn Jóns Halldórs Finnssonar. Þaðan lá leiðin suður til Reykjavíkur þar sem hann nam hjá Sigurði Þorbergssyni í Tónskóla Sigursveins. Að loknu framhaldsprófi vorið 2006 lá leiðin til Amsterdam þar sem hann nam básúnuleik, með sívaxandi áherslu á hljómsveitarstjórn. Ari hefur alla tíð verið mjög virkur í tónlistarlífnum, leikið með mörgum hljómsveitum og farið víða. Ari hefur komið fram sem einleikari, bæði hérlendis og í Svíþjóð. Helst ber að nefna frumflutning hans á *Ariel* eftir John A. Speight með Sinfóníuhljómsveit tónlistarskólanna en sá konsert var tileinkaður Ara. Hann lék einleik á básúnu í konsertíno Lars-Eriks Larson með Sinfóníuhljómsveit áhugamanna á tónleikum hennar í maí 2008. Í Amsterdam stóð Ari um árabil fyrir íslenskum tónlistardögum þar sem kynnt var íslensk tónlist. Hann kennir nú tónlistarfræði við Listaháskólann og Tónskóla Sigursveins.



**Robert Schumann** – Sellókonsert Schumanns er af mörgum talinn meðal þriggja mestu sellókonserta rómantíska tímans. Hinir tveir eru þá konsertarnir eftir Dvorák og Elgar. Um þetta má að sjálfsögðu deila, en svo mikið er víst að verkið er þrungið tilfinningum og hádramatískt. Sagt er að konsertinn hafi verið skrifaður á tveimur vikum í október 1860. Nokkuð reyndist erfitt að fá hann frumfluttan og var hann ekki fluttur fyrr en fjórum árum eftir lát tónskáldsins. Líklega réð hér nokkru að hann er óvenjulegur í forminu og greinilegt að verulega var farið að losna um hefðbundin tónlistarform. Til dæmis eru kaflarnir þrír fluttir án hlés á milli. Það kann að vera til komið vegna frægðar andúðar Schumanns á klappi áheyrenda milli þátta í tónverkum. Stefjaefni fyrsta kaflans er einnig notað í síðasta kaflanum, sem bindur konsertinn saman í samfellda heild. Annað óvenjulegt stílbragð fyrir einleikskonsert er dúett einleikarans með öðru sellói í hægka kaflanum.



**Ólöf Sigursveinsdóttir** hóf tónlistarnám undir leiðsögn Noru Kornblueh og Bryndísar Höllu Gylfadóttur við Tónskóla Sigursveins D. Kristinssonar og síðar Gunnars Kvaran við Tónlistarskólann í Reykjavík. Framhaldsnám sótti hún við Tónlistaháskólann í Stuttgart og útskrifaðist þaðan með hæstu einkunn árið 2001. Jafnframt stundaði Ólöf nám í hljómsveitarstjórn og barokksellóleik við sama skóla. Árið 2007 lauk hún diplomgráðu í dagskrárgerð frá Tónlistarháskólanum í Karlsruhe/Institut Lernradio og árið 2008 var hún ráðin dagskrárgerðarmaður á rás 1 þar sem hún starfaði næstu þrjú ár. Jafnframt stundaði hún kennslu og sellóleik og átti þátt í stofnun kammerhópsins ReykjavíkBarokk. Ólöf hefur haldið einleikstónleika í Danmörku, Þýskalandi, Sviss og á Íslandi. Síðan 2014 hefur hún verið framkvæmdastjóri tónlistarhátíðarinnar Berjadaga í Ólafsfirði sem verður haldin í 20. sinn í ágúst nk. Hún leikur um þessar mundir með Sinfóníuhljómsveit Íslands og kennir á selló við Tónskóla Sigursveins. Þar stjórnar hún strengjasveit sem í eru 40 ungir strengjaleikarar.



**Oliver Kentish** er tónleikagestum Sinfóníuhljómsveitar áhugamanna vel kunnur. Hann hefur verið aðalstjórnandi og listrænn leiðtogi sveitarinnar síðan 2005. Hann er Lundúnabúi að uppruna en fluttist til Íslands árið 1977 til þess að leika með Sinfóníuhljómsveit Íslands. Síðan hefur hann tekið virkan þátt í tónlistarlífnum hér sem hljóðfæraleikari, kennari, stjórnandi og tónskáld. Frá árinu 1978 kenndi hann í átta ár við Tónlistarskólann á Akureyri og var einn af stjórnendum hljómsveitar skólans. Árið 1986 réði Oliver sig til Tónlistarskóla Hafnarfjarðar þar sem hann stofnaði Kammersveit skólans 1992. Auk þessara sveita hefur Oliver stjórnað öðrum hljómsveitum, svo sem Kammerhljómsveit Akureyrar (fyrirrennara Sinfóníuhljómsveitar Norðurlands) og Sinfóníuhljómsveit Íslands. Oliver hefur verið mjög afkastamikill tónskáld. Opinberir aðilar hafa pantað hjá honum verk og hann hefur þrívexis verið staðartónskáld á Sumartónleikum í Skálholti þar sem verk hans voru frumflutt. Oliver hefur tekið þátt í starfi Sinfóníuhljómsveitar áhugamanna allt frá upphafi, bæði sem hljómsveitarstjóri og hljóðfæraleikari. Hljómsveitin hefur auk þess frumflutt nokkur verka hans.



**Joseph Haydn** (1732-1809) samdi sinfóníuna nr. 88 árið 1787. Hann var þá í þjónustu Esterházy-fjölskyldunnar, nánast sem þjónn, til að semja tónlist og standa fyrir tónlistarflutningi. Þarna naut hann starfsöryggis um 30 ára skeið en var jafnframt einangraður frá heiminum. Tónlist hans er þó heimsborgarleg og laus við heimóttarskap. Sagan segir að Mozart hafi eitt sinn kvartað við Haydn, læriföður sinn og vin: „Papa, þú hefur enga menntun fyrir hinn stóra heim, þú kannt of fá tungumál.“ Haydn svaraði: „Mitt tungumál skilst um alla veröld.“ Um þetta hljótum við að vera honum sammála.